

**38. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu  
38, 8. september 2020  
og hófst hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Nancy Rut Helgadóttir (NRH), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Svanhildur Rós Guðmundsdóttir, Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Birna F Hannesdóttir (BFH), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

**Dagskrá:**

**1. Starfsáætlun Tálknafjarðarskóla 2020-2021 - 2009237**

Starfsáætlun Tálknafjarðarskóla 2020-2021 lögð fram.

*Nefndin lýsir yfir ánægju með átælnina og staðfestir hana með fyrirvara um breytingar á skóladagatali.*

*Samþykkt*

**2. Gjaldskrá 2020 Tálknafjarðarskóli - 1910528**

Lagðar fram tillögur að breytingu á gjaldskrá Tálknafjarðarskóla.

*Nefndin felur sveitarstjóra að uppfæra gjaldskrá í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Þar komi m.a. fram að gjald vegna síðdegishressingar í lengdri viðveru verði kr. 2.200,- á mánuði sem og að orðalag vegna niðurfellingar gjaldtöku fyrir fyrstu 6 klukkustundirnar í leikskóla verði skýrt og miðast við lögheimili í Tálknafjarðarhreppi.*

*Samþykkt*

**3. Skóladagatal 2020-2021 - 2009227**

Skóladagatal 2020-2021 lagt fram.

*Nefndin samþykkir að lokun leikskóla í kringum jólahátíðina ásamt sumarlokun leikskóla verði tekin til skoðunar og tillaga þess efnis lögð fram á næsta fundi.*

*Samþykkt*

**4. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041**

Drög að greinargerð Aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2031 lögð fram til kynningar og umsagnar. Mál frá 48. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 02.09.2020.

*Greinargerðin lögð fram og umræðum frestað til næsta fundar.*

*Samþykkt*

**5. Sjóður námsleyfasjóður hefur opnað fyrir umsóknir - 2008188**

Lögð fram tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 28.08.2020 þar sem athygli er vakin á að Námsleyfasjóður hefur opnað fyrir umsóknir um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2021-2022.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**6. Grænfáni afhending grænfána 01.09.2020 - 2009228**

Greint var frá afhendingu Grænfána sem fór fram 01.09.2020 í áttunda sinn.

*Nefndin fagnar afhendingu Grænfánans til Tálknafjarðarskóla í áttunda sinn og lýsir yfir ánægju með það góða starf sem unnið er í umhverfismálum í skólanum.*

*Samþykkt*

**7. Heimsfaraldur COVID 19 - 2002265**

Lögð fram sameiginleg viljayfirlýsing mennta- og menningarmálaráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og Grunns - félags fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa um leiðarljós í skólastarfi á tímum COVID-19 undir yfirskriftinni "Stöndum vörð um skólastarf".

Jafnramt er lögð fram auglýsing heilbrigðisráðherra dags. 20.08.2020 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**8. Upplýsingagjöf skólastjóra 2020 - 2002213**

Skólastjóri lagði fram og fór yfir minnisblað um starfsemi síðustu vikna og það sem framundan er.

*Nefndin tekur undir þá skoðun skólastjóra að rétt sé að hætta með Skólapúlsinn í Tálknafjarðarskóla og nota önnur verkfæri í staðinn.*

*Fram kom að starfsmannafjöldi skólans hefur vaxið vegna fjölgunar nemenda.*

*Samþykkt*

**9. Tjón vatnstjón í íþróttahúsi - 2005065**

Fari yfir stöðu mála vegna framkvæmda við vatnslagnir í íþróttahúsi.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**10 Félagsmiðstöð 2020-2021 - 2009231**

Lagt fram minnisblað frá íþrótt- og tómstundafulltrúa Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar um íþrótt- og tómstundastarf haustið 2020.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**11 Ungmennaráð um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga - 2008175**

Bréf frá umboðsmanni barna dags. 26.08.2020 um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**12 Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði - 2002168**

Bréf frá UMFÍ dags. 01.09.2020 þar sem boðað er til ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði sem fer fram í Hörpu í Reykjavík fimmtudaginn 17.09.2020.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.**

---

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Svanhildur Rós  
Guðmundsdóttir

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Birna F Hannesdóttir (BFH)

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

---